

FRÉTTA BRÉF

Dansgarðsins



YFIRLIT

- Klassíski listdansskólinn
- Óskandi
- Danshópurinn Forward
- Dans fyrir alla
- Viðtal við Bjartey
- Hvað er á döfinni
- Minnum á...

KLASSÍSKI

LISTDANSSKÓLINN

Síðasta vor útskrifuðust 7 nemendur af framhaldsbrautinni.

Sumarskólinn var aftur styrktur af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og voru 50 manns sem nýttu sér það og skráðu sig í áfanga yfir sumarið. KLS fór hægt og rólega af stað í lok ágúst og hefur gengið vel þrátt fyrir einhver smit og sóttkví hjá nemendum. Núna er undirbúningur fyrir jólasýningu kominn á fullt og við erum spennt fyrir sýningunni í Borgarleikhúsinu.

Yannier er að undirbúa 19 nemenda fyrir undankeppni Grand Prix sólókeppninnar og gengur sá undirbúningur líka vel, en aldrei hafa svo margir nemendur frá KLS tekið þátt í sólókeppninni.

Nýir og ekki eins nýir kennarar hafa komið til starfa og viljum við bjóða Eydísi Rose Vilmundardóttur, Ólöfu Söebeck, Sæunni Ýri Marinósdóttur, Yelenu Arakelow og Þorbjörgu Jónasdóttur velkomnar í kennarateymi KLS. Auk þess hafa Ásdís Karen Árnadóttir, Embla Líf Hreinsdóttir og Emma Eypórsdóttir sem útskrifuðust af framhaldsbraut síðasta vor verið aðstoðarkennarar í tímum og hafa staðið sig mjög vel.



Útskriftarnemendur 2021

Frida, Emma, Ásdís, Embla, Olga, Kolfinna og Cristina

ÓSKANDI


Haustið hefur farið vel af stað og það hefur verið yndislegt að sjá nemendur aftur eftir sumarfrí svo og að kynnst nýjum nemendum. Skólinn hefur verið starfræktur undir nafninu Óskandi í tvö ár og við erum að byrja þriðja skólaárið. Þetta hefur verið ferðalag með þeim aðstæðum sem hafa verið í þjóðfélaginu en við horfum björtum augum til framtíðar. Í haust bættum við við nokkrum nýjum námskeiðum og má þá helst nefna pilatestíma í hádeginu á mánudögum og miðvikudögum og fjölskylduhreyfistund sem miðast við börn frá 3 mánaða aldri þar sem foreldrar og forráðamenn taka virkan þátt í samverustundinni. Í janúar stefnum við á að byrja aftur með dansnámskeið fyrir eldri borgara. Nemendur frá og með 4. flokki eru núna að undirbúa jólasýningu Dansgarðsins en það er verkið Hnotubríóturinn sem sýnt verður. Sýningin verður í Borgarleikhúsinu 30. nóvember n.k. Yngri nemendur skólans munu vera með opinn foreldratíma í nóvember þar sem foreldrum gefst tækifæri til að líta inn í tíma. Allir nemendur skólans taka svo þátt í vorsýningunni. Skólinn er alltaf að stækka með fjölbreyttari námsleiðum og viljum við bjóða Amöndu Líf Fritzsdóttur, Asako Lchihashi, Benedikt Gylfason, Mörtu Ákadóttur, Nicholas Fishleigh, Ragnheiði Steingrímsdóttur, Sesselju Borg Snævarr Þórðardóttur og Þorbjörgu Jónasdóttur velkomin í kennarateymið okkar.



Mynd frá vorsýningu Dansgarðsins 2021

FORWARD

Danshópurinn Forward er farinn af stað með 10 dönsurum, þar á meðal 8 nýjum meðlimum sem koma úr Klassíska listdanskólunum og Listdanskóla Íslands. Áherslan í haust er á ballet og neo-klassísk og við erum svo lánsöm að hafa fengið Cameron Corbett, fyrirverandi dansara Íslenska Dansflokksins, til liðs við okkur að semja verk fyrir hópinn. Sýning 21. nóvember! Skyldumæting fyrir alla balletunnendur. Auk þess hafa dansararnir verið að vinna með Karin Jameson frá Sviðþjóð, Sæunni Ýri Marinósdóttir og Höllu Ólafsdóttur. Í desember kemur svo Jarkko Mandelin frá Finnlandi en þá verða opnir tímar!



DANS FYRIR ALLA

770 börn í 6. bekk tóku þátt í dansfræðsludögum Dansgarðsins 2019–2021 og er því verkefni að ljúka. Við erum svo stolt af þessu verkefni sem hefur vonandi opnað huga nokkurra barna fyrir dansinum. Bara eitt spor eftir, fá öll þessi börn á generalprufu hjá Íslenska Dansflokknum í vor!

Dans fyrir alla er núna að vinna að stuttri dansmynd í samstarfið við nemendur í Fellaskóla og Breiðholtsskóla. Með þessu verkefni viljum við hvetja alla skólana til að vera með reglulega danskennslu og þannig virða aðalnámskrá grunnskólanna.

Við erum líka að vinna að því að koma af stað reglulegri danskennslu fyrir fötluð börn og nú eru danstímar annan hvern föstudag í Guluhlíð-frístundaheimili Klettaskóla.

VIÐTALIÐ

NAFN

Bjartey Elín Hauksdóttir

HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ DANSA Í DANSGARÐINUM?

Ég byrjaði í Klassíska listdansskólanum þegar ég var 4 ára. Svo byrjaði ég í Forward þegar það var stofnað haustið 2016, önnina eftir að ég útskrifaðist úr KLS.

HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST?

Það var skemmtilegast að sýna og æfa fyrir sýningar. Og eignast vini fyrir lífstíð.

HVAÐ VAR ERFIÐAST?

Það var erfiðast þegar var verið að skipa í hluverk. Maður fékk kannski ekki það sama og vinkonurnar, stundum stærra og stundum minna en báðar hliðar eru erfiðar. Það er erfitt að vera í samkeppni við bestu vini sína.

HVAÐ VAR EFTIRMINNILEGAST?

Ég á svo ótrúlega margar minningar sem ég man svo skýrt að það er erfitt að velja á milli. En ein elsta og besta minningin er þegar ég var 10 ára og frétti að ég væri að fara að byrja á táskóm. Einnig á ég mjög fallega minningu af allra fyrstu sýningu FWD þegar við fengum standandi upplapp. Það var ótrúlega góð tilfinning eftir mikla og erfiða vinnu.



HVERNIG UNDIRBJÓ DANSGARÐURINN ÞIG FYRIR HÁSKÓLANÁM Í DANSI?

Mér finnst Klassíski Listdanskólinn hafa undirbúið mig virkilega vel fyrir háskólanám í dansi. Ég fékk góða tækniþjálfun og fannst sérstaklega gott hvað var lögð jöfn áhersla á ballett og nútímadans. Að vera í FWD var líka mjög góður undirbúningur upp á listrænu hliðina. Þar fékk ég reynslu í að taka þátt í listrænum ferlum, sýna og kynna sjálfri mér sem listamanni.

AF HVERJU DANS?

Dans getur verið svo margt. Að mínu mati eru dansarar líka leikarar, myndlistarmenn og íþróttamenn, allt á sama tíma einhvern veginn!

HVAÐ ERTU AÐ FARA AÐ GERA NÚNA EFTIR AÐ ÞÚ HEFUR ÚTSKRIFAST ÚR LHÍ?

Ég er að bralla ýmislegt. Ég var að klára mikla umsóknartörn þar sem ég var að sækja um í Sviðslistasjóð. Svo hélt ég stóra tónleika með pönkbandinu mínu, The Boob Sweat Gang, og við erum líka að taka upp plötu! Núna er ég að fara í starfsnám úti í Freiburg með Ernu Ómars þar sem hún er að fara að setja upp sýningu. Næsta sumar fer ég svo til Finnlands að vinna með danshóp sem heitir Nordic Beasts. Inn á milli vinn ég við kennslu í Klassíska listdanskólanum. Ég vinn líka sem sundlaugarvörður og ég vil minna dansara á að það er allt í góðu að vinna við eitthvað annað meðan maður kemur sér á framfæri

EINHVER RÁÐ FYRIR UNGA DANARA SEM STEFNA Á FREKARA NÁM Í DANSI?

Verið þið sjálf, farið ykkar leiðir og leyfið persónuleikanum ykkar að skína. Það er engin ein leið til að vera dansari.

Það er líka lykilatriði að mæta vel, taka mætinguna alvarlega eins og þetta sé vinnan ykkar.

Svo er bara mikilvægast að vera tillitssamur og koma vel fram. Fólk velur að vinna með fólki sem því líkar vel við og sem er gott að vinna með.

Á DÖFINNI

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

NÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR, 15 ÁRA OG ELDRI, Í NÚTÍMADANSI

hefst 1. nóvember á Grensásvegi.

KRÍLADANSINN

Gaman saman, hefst 2. nóvember í Óskanda.

PILATESTÍMAR

á mánudögum og miðvikudögum á Eiðistorgi. Aldrei of seint að byrja þar sem við bjóðum upp á 5 og 10 tíma klippikort.

FULLORÐINSBALLETT

bæði fyrir lengra komna og byrjendur, hófst 11. og 13. október á Eiðistorgi en enn er hægt að vera með.

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

UNGLIST

6.nóvember

kl.14:00

Borgarleikhúsið

Framhaldsbraut sýnir brot úr verkum.

FORELD RATÍMI SKAPANDI DANS 6-7 ÁRA

9. nóvember

Eiðistorg

NEO-KLASSÍSK SÝNING

21. nóvember

Grensásvegur 14

Forward sýnir verk eftir Cameron Corbett

FORELD RATÍMI 1. - 3. FLOKKUR

20. og 27.nóvember

Eiðistorg

HNOTUBRJÓTURINN

30.nóvember

Kl.17 og 19

Borgarleikhúsið

Eldri nemendur sýna Hnotubrjótinn.

FORELD RATÍMI SKAPANDI DANS 4 - 5 ÁRA

25. nóvember og 2. desember

Eiðistorg

OPINN TÍMI FORSKÓLA KLASSÍSKA LISTDANSSKÓLANS

4.desember

kl.10 og 11

Grensásvegur 14

MINNUM Á...

BÚÐIN OKKAR

Í búðinni er hægt að kaupa upptökur og ljósmyndir frá sýningum Dansgarðsins- Óskanda og KLS. Það er líka hægt að fá boli og buff merkta skólunum og Dansgarðinum.

INSTAGRAM OG FACEBOOK

Klassíski listdansskólinn, Óskandi og Forward eru öll á Instagram og Facebook, þar sem upplýsingar um viðburði og myndir eru settar inn reglulega. Skólarnir hafa líka verið að kynna fólkið í Dansgarðinum og setja inn fræðslu um ýmislegt tengt dansinum. Hægt er að sjá það allt í high lights.

JÓLAFATASÖFNUN

Við erum að safna jólafötum fyrir uppsetninguna á Hnotubrjótnum svo ef þið eruð með einhver spariföt í geymslunni sem þið eruð til í að gefa eða lána þá þætti okkur mjög vænt um það. Við tökum á móti fötum á Grensásvegi, Eiðistorgi og Álfabakka.



Mynd frá vorsýningu Dansgarðsins 2021